

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983:

Söltuð ufsaflök:	D.M. pr. lest cif.
16/20 FF	5 700,00
21/25 FF	5 500,00
26/30 FF	5 300,00
31/35 FF	5 050,00
36/40 FF	4 800,00
41/45 FF	4 600,00
46/50 FF	4 300,00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði við viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 165

11. mars 1983

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 43 1. mars 1967 um ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Setji skuldari fasteignaveð til tryggingar greiðslu skuldar, sem ríkissjóður tekur ábyrgð á, annað hvort gagnvart lánssala eða gagnvart ríkissjóði, skal ábyrgð ríkissjóðs við það miðuð, að skuldir þær, er á fasteignaveðinu hvíla að meðtalinni þeirri skuld, sem ríkissjóður tekur ábyrgð á, nemi aldrei meiru fé en sem svarar 70% af matsverði fasteignar, sbr. 7. gr., enda sé eigi annað fram tekið í lögum um ábyrgðarheimildina. Sama gildir ef um er að ræða veðtryggingu í skipum eða flugvélum. Þess skal ætíð gætt í þessu sambandi, ef skuldir í erlendri mynt eða veðtryggðar skuldir eru tryggðar með veði í eign þeirri, er veðsetja skal.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 11. mars 1983.

Ragnar Arnalds.

Gunnlaugur Claessen.